

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2014

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál, lagt fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 22. september 2014, þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp. Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur tilefni til að gera athugasemdir við eitt atriði og það varðar útvíkkun skattskyldusviðs virðisaukaskattslaganna.

Í dag nær skattskylda til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Þó er tiltekin vinna og þjónusta undanþegin virðisaukaskatti, þar á meðal fólksflutningar, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Að þessu leyti eru löggin í takt við sambærileg lög víða erlendis. Tillagan nú lýtur að því að undanþága þessi nái ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni. Í greinargerð er þetta skýrt þannig að þetta taki til þess, ef „... megintilefni ferðar er afþreying.“ Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði í lægra þrepi virðisaukaskatts.

Afmörkun þeirrar starfsemi, sem á ekki lengur að falla undir framangreinda undanþágu, er mjög óskýr, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Í gildistíð söluskattslaga og síðar laga um virðisaukaskatt er komin löng hefð fyrir því að skilgreina skattskyldusvið og hefur verið leitast við að líta til hlutlægra þátta, séðum frá sjónarhóli rekstraraðila, en forðast að líta til huglægra þátta, svo sem þess hvert tilefni einhverra ferða er, einkum ef vísað er til tilefnis þess sem nýtur þjónustunnar. Vafalaust er að orðalag þetta mun kalla á mörg álitæfni og deilumál, ekki aðeins vegna íslenskra rekstraraðila heldur einnig erlendra aðila sem koma hingað til lands með eigin farartæki til afnota fyrir skjólstæðinga þeirra, eftir atvikum í afþreyingarskyni.

Samkvæmt frumvarpinu á þessi tillaga á að skila 300 milljónum í ríkissjóð en útreikningur er ekki rakinn í frumvarpinu. Þannig kemur t.d. ekki fram hvort búið sé að taka tillit til þess að rekstur, sem nú er undanþeginn virðisaukaskatti, verður virðisaukaskattsskyldur og nýtur þá sem slíkur þar með réttar til að draga frá skattskyldri veltu sinni svokallaðan innskatt. Fjárhæð innskatts getur hæglega verið hærri en fjárhæð útskatts í þeim tilvikum að starfsemi fellur í lægra þrep virðisaukaskatts, ekki síst vegna kostnaðarsamra fjárfestinga við stofnun rekstrar. Síðastgreint atriði leiðir auk þess til aðstöðumunar þeirra sem eru þegar í rekstri við gildistöku laganna, og hafa greitt virðisaukaskatt af fjárfestingum sínum, og þeirra sem stofna til slíks rekstrar eftir gildistöku laganna.

Vekja má athygli á því að margir aðilar, sem falla undir ákvæði frumvarpsins, falla ýmist í skattskylda starfsemi og skattfrjálsa starfsemi sem aftur kallar á aukið flækjustig í uppgjörsvinnu þeirra og í

framhaldinu líklegra deilumála. Frumvarpið mun þannig auka á kostnað þessara aðila auk óhjákvæmilegs kostnaðar við úrlausn deilumála um túlkun laga. Óvíst er hvort útreikningur á áhrifum frumvarpsins hafi tekið tillit til þessa.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður